
Um leikstjórann



Pétur Eggerz er fæddur og uppalinn í Reykjavík, lengst af í Breiðholtinu. Eftir nám í bókmenntafræði við Háskóla Íslands nam hann leiklist í Lundúnum og útskrifaðist þaðan 1984. Hann hefur tekið þátt í leiksýningum hjá Leikfélagi Akureyrar, Þjóðleikhúsinu, Alþýðuleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og víðar. Honum hefur einnig brugðið reglulega fyrir í kvikmyndum og sjónvarpi. Þá vann hann um hríð við dagskrárgerð á Rás 1.

Pétur var einn stofnenda Möguleikhússins árið 1990 og starfaði þar í nær þrjá áratugi sem leikari, leikstjóri og höfundur. Meðal verka sem hann vann fyrir Möguleikhúsið má t.d. nefna Eldklerkinn, einleik sem fjallar um séra Jón Steingrímsson. Þá hefur hann ásamt Guðna Franzsyni séð um heimsóknir íslensku jólasveinanna í Þjóðminjasafnið allt frá árinu 1995.

Pétur er einnig menntaður leiðsögumaður og hefur gegnum tíðina þvælst talsvert með ferðamenn um landið.

Halaleikhópurinn þakkar

Halaleikhópurinn þakkar öllum, sem hafa lagt honum lið við að koma upp þessari sýningu. Fleiri koma að sýningunni á einn eða annan hátt en hér eru taldir upp og það er ítarlegri listi á vef Halaleikhópsins.

Makar og aðstandendur fá sérstakar þakkir fyrir þolinmæði á æfingatímabilinu.

Nánari upplýsingar má finna á:
www.halaleikhopurinn.is

Kveðja frá Bandalagi íslenskra leikfélaga

Halaleikhópurinn er aðili að BÍL, samtökum áhugaleikfélaga á Íslandi.
BÍL vinnur að þróun og eflingu leiklistar með því að stuðla að uppbyggingu og að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.
Í þeim anda óskum við Halaleikhópnum til hamingju með sýninguna og ykkur, kæru áhorfendur, góðrar skemmtunar.

Stjórn og starfsfólk BÍL.

Sérstakar þakkir:

Sjálfsbjörg lsh.
Öryrkjabandalag Íslands
Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu
Sjálfsbjargarheimilið
Frímann Sigurnýasson.
Alexander Ingi Arnarson
Jóhann G. Thorarensen

HALALEIKHÓPURINN KYNNIR:


KIRKJUGARÐSKLÚBBURINN



GAMANLEIKUR EFTIR IVAN MENCHELL
LEIKSJÓRI PÉTUR EGGERZ

Kirkjugarðsklúbburinn

Halaleikhópurinn sýnir bandaríska gamanleikritið Kirkjugarðsklúbbinn eftir Ivan Menchell, leikstjóri er Pétur Eggerz, þýðandi er Elísabet Snorradóttir,
Leikritið fjallar af einstakri næmni og kímni um þrjár miskátar ekkjur. Þær hafa verið vinkonur árum saman og hafa nú misst lífsförunauta sína. Hver og ein þeirra hefur fundið sína leið til þess að takast á við sorgina. Lífið heldur áfram þrátt fyrir allt. Einu sinni í mánuði fara vinkonurnar saman í kirkjugarðinn að vitja leiða eiginmannanna. Dag nokkum hitta þær fullorðinn ekkil í garðinum og þar með lenda vinkonurnar í óvæntri krísu. Nær tryggðaheit hjónabandsins út yfir gröf og dauða?



Um höfundinn

Ivan Menchell er fæddur og uppalinn í New York. Þegar hann var ungur að árum fór hann að semja verk fyrir leikhús ásamt föður sínum sem var gamanleikari og samdi sjálfur sín eigin skemmtiatriði. Eftir andlát föður síns snéri Menchell sér alfarið að leikritun.

Menchell fór í framhaldsnám við Yale School of Drama. 23 ára samdi hann sitt fyrsta sviðsverk í fullri lengd sem var Kirkjugarðsklúbburinn og var það sett á svið í leikhúsi skólans árið 1987.

Skömmu síðar tók Broadway verkið til sýningar og var það í fyrsta sinn sem leikrit eftir nemanda við Yale School of Drama var sýnt þar.

Frægð Menchells hefur borist víða en Kirkjugarðs-klúbburinn hefur verið færður upp víðsvegar um Bandaríkin, Bretland og á Norðurlöndunum.

Ljósmynd © Leigha Hodnet

Persónur og leikarar



Doris

Hanna Margrét Kristleifsdóttir



Ida

Sóley Björk Axelsdóttir



Lucille

Stefanía Björk Björnsdóttir



Sam

Jón Gunnar Axelsson



Mildred

Margrét Eiríksdóttir



Fólkið á bak við tjöldin

Leikstjóri	**Pétur Eggerz**
Aðstoðarleikstjóri / sýningarstjóri og fl.	**Ása Hildur Guðjónsdóttir**
Ljósahönnun	**Vilhjálmur Hjálmarsson**
Ljósakeyrsla og hljóðkeyrsla	**Edda Hersir**
Búningar	**Ása Hildur Guðjónsdóttir og hópurinn**
Ljósmyndun	**Edda Hersir**
Leikmyndasmíði	**Þröstur Steinþórsson**
	Jón Gunnar Axelsson
	Gunnar Jónsson
	Alexander Ingi Arnarson
	Jóhann G. Thorarensen
Plakat, leikskrá, myndbönd, vefur ofl.	**Páll Guðjónsson**
Málningarvinna	**Hanna Margrét Kristleifsdóttir**
	Sóley Björk Axelsdóttir
	Ása Hildur Guðjónsdóttir
Saumar	**Ása Hildur Guðjónsdóttir**
Förðun og aðstoð baksviðs	**Dagrún María Wium**
Sviðsmenn	**Friðrika Rósa Sigurbjörnsdóttir**
	Margrét Eiríksdóttir